

Staðfestingarbréf stjórnenda ríkisaðila vegna ársreiknings 2023

Í tengslum við ársreikning fyrir árið 2023 staðfestum við undirritaðir stjórnendur

02-305 Menntaskólinn við Sund

að eftirfarandi er samkvæmt okkar bestu vitund og þekkingu:

1. Það er á ábyrgð stjórnenda að innleiða innra eftirlit varðandi vinnslu fjárhagsupplýsinga og meðferð fjármuna í þeim tilgangi að koma í veg fyrir og uppgötvu svik og skekkjur ásamt því að vakta virkni þess. Ekki hafa komið upp atvik sem benda til þess að innra eftirlit sé ekki að virka sem skyldi.
2. Öll viðskipti á reikningsárinu sem tilheyra starfsemi ársins hafa verið færð í bókhald stofnunarinnar. Þau eru í samræmi við viðtekna viðskiptavenju og ekki hefur verið um neina óeðlilega verðlagningu að ræða í viðskiptum stofnunarinnar.
3. Að útgjöld stofnunarinnar og aðrar fjármálalegar ráðstafanir hafi verið í samræmi við heimildir fjárlaga, fjáraukalaga eða annarra laga sem gilda um rekstur stofnunarinnar. Aðgreining kostnaðar milli málefnavsviða/málflokka er rétt.
4. Veittar hafa verið fullnægjandi upplýsingar um tengda aðila og viðskipti við þá í samræmi við lög um ársreikninga/settar reikningsskilareglur.
5. Allar eignir stofnunarinnar koma fram í efnahagsreikningi, þ.m.t. í eignaskrá. Stofnunin hefur fullnægjandi eignarheimildir fyrir öllum eignum sem fram koma í efnahagsreikningi og eignaskrá og hvíla engar kvaðir eða veðsetningar á þeim aðrar en þær sem upplýst hefur verið um.
6. Áætlun okkar um notkunartíma varanlegra rekstrarfjármuna hefur verið yfirfarin og er í samræmi við áform um notkun og við teljum lokavirði, eins og það kemur fram í eignaskrá, raunhæft.
7. Við teljum að þær forsendur sem lagðar eru til grundvallar við reikningshaldslegt mat á viðskiptakröfum, birgðum og öðrum eignalíðum séu viðeigandi og að kröfur muni innheimtast í samræmi við matið.
8. Við höfum skráð eða skýrt frá öllum skuldum stofnunarinnar í árslok, bæði áföllnum og skilyrtum, og greint frá öllum ábyrgðum sem við höfum veitt vegna þriðja aðila.
9. Upplýsingar hafa verið veittar um alla skuldbindandi samninga stofnunarinnar.
10. Upplýsingar hafa verið veittar um allar skaðabótakröfur, málaferli, skattaskuldir og aðrar skuldir sem geta haft veruleg áhrif á mat á fjárhagsstöðu stofnunarinnar.
11. Veittar hafa verið upplýsingar um atburði eftir reikningsskiladag sem áhrif geta haft á mat á fjárhagsstöðu stofnunarinnar í lok árs 2023.
12. Staðfesting þessi hefur verið kynnt stjórn stofnunarinnar, án athugasemda [ef stjórn er skipuð].

Helga Sigríður Þórssdóttir
Rektor

(undirritað rafrænt)